

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, í tilefni af  
25 ára afmæli kennslu í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands.**

**Haldið föstudaginn 15. október 2021**

Kæra samstarfsfólk.

Ég vil byrja á að óska ykkur og okkur öllum til hamingju með þann merka áfanga í sögu Háskóla Íslands að um þessar mundir eru liðin 25 ár frá því að skipulegt ljósmóðurnám hófst við skólann, en fram að því þurftu hjúkrunarfræðingar sem lokið höfðu námi að halda utan til framhaldsnáms í ljósmóðurfræði.

Í Aldarsögu Háskóla Íslands, sem var gefin út í tilefni af 100 ára afmæli skólans fyrir réttum 10 árum, segir frá því að þegar Bjarni Pálsson landlæknir réði hina dönsku ljósmóður Margrethe Katarine Magnússen til landsins til að sjá um verklega kennslu og bauð upp á námskeið fyrir yfirsetukonur árið 1761 - fyrir 260 árum - og tók námið aðeins einn mánuð.

Það er einnig gaman að rifja það upp að þegar Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 með sameiningu þriggja sérskóla, Lagaskólans, Prestaskólans og Læknaskólans, kom til tals að flytja ljósmæðrakennslu í hinn nýja háskóla. Af því varð þó ekki en þess í stað var ári síðar stofnaður sjálfstæður Yfirsetukvennaskóli Íslands sem síðar átti eftir að umbreytast í Ljósmæðraskóla Íslands. Þótt ekki yrði af því að gera ljósmæðrakennslu að formlegum hluta Háskóla Íslands komu námsmeyjar saman í Alþingishúsinu þar sem læknadeildin var til húsa, en Háskóli Íslands hafði aðsetur í þinghúsinu fyrstu 29 árin þar til hann flutti í Aðalbyggingu árið 1940.

Skipulegt ljósmóðurnám við Háskóla Íslands hófst 15. janúar 1996. Ný námsskrá fyrir námið hafði verið samþykkt í árslok 1995 á fundi stjórnar námsbrautar í hjúkrunarfræði við læknadeild Háskóla Íslands. Ljósmóðurfræðinámið var skilgreint sem tveggja ára nám á meistarastigi er byggði ofan á BS-nám í hjúkrunarfræði og lauk með embættis- eða kandidateitprófi. Fyrsti hópur ljósmæðranema sem hóf nám samkvæmt hinni nýju námsskrá taldi 8 nemendur.

Stofnuð var námsnefnd í ljósmóðurfræði í samræmi við lög og reglur Háskóla Íslands sem sá um daglega stjórn námsins, skipulag þess og samskipti út á við. Fyrsti námsstjóri ljósmóðurfræðinámsins var Ólöf Ásta Ólafsdóttir. Þetta voru mikilvæg tímamót því frá upphafi skipulegrar ljósmæðrakennslu hér á landi 1761 höfðu lækna haft með höndum skipulag og stjórn námsins en nú gátu ljósmæður stýrt eigin námi. Langt og farsælt samstarf hafði þó verið um árabíl við lækna og prófessora í fæðingar- og kvensjúkdómalækningum og studdu þeir breytinguna.

Það er ævintýri líkast að horfa yfir þessa sögu frá því að mánaðarlangt ljósmæðranám hófst hér á landi 1761 til okkar daga þegar leggja þarf að baki 19 ára nám til að verða ljósmóðir, tíu ár í grunnskóla, þrjú ár í framhaldsskóla og fimm ár í háskóla. Og árangurinn hefur ekki látið á sér standa því ungbarnadauði á Íslandi hefur farið úr því að vera einhver sá mesti í Evrópu í að verða með því minnsta sem gerist í víðri veröld.

Ólöf Ásta stýrði náminu við Háskóla Íslands fyrstu 15 árin, en fjölmargir stundakennarar komu að kennslu og fastir kennarar í hjúkruanfræði á ýmsum sérsviðum byggðu upp og kenndu einstök námskeið. Má þar nefna Marga Thome, Sóleyju S. Bender og Herdísi Sveinsdóttur. Aðrir sem komu að kennslunni á þessum fyrstu árum voru ljósmæðurnar Sigríður Sía Jónsdóttir og Ingibjörg Einisdóttir en þær höfðu báðar lokið meistaranámi.

Árið 2000 voru auglýst tvö 50% störf í ljósmóðurfræði og voru þá Árdís Ólafsdóttir og Helga Gottfreðsdóttir ráðnar. Árið 2015 varð Helga fyrsti prófessor í ljósmóðurfræði hér á landi, en nú eru við námsbrautina tveir prófessorar, Helga og Ólöf Ásta, einn dósent, tveir lektorar og nokkrir aðjuntar.

Námið hefur auðvitað þróast og breyst í áranna rás og nú er ljósmóðurnámið tveggja ára meistaranám til starfsréttinda, auk þess sem starfrækt er sérstök námsleið á doktorsstigi í ljósmóðurfræði. Mikil aðsókn er í námið og hefur svo alltaf verið.

Kæra samstarfsfólk. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og vill ljúka máli mínu á að óska okkur öllum til hamingju með 25 ára afmælið og þann frábæra árangur sem kennarar og nemendur í ljósmóðurfræði hafa náð.

Takk fyrir.